

REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 514/2010
um styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti.**

1. gr.

Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.

2. gr.

Í stað orðsins „umhverfismörk“ í 14. tl. 3. gr. reglugerðarinnar og sama orðs hvarvetna annars staðar í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): viðmiðunarmörk.

3. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 3. gr. reglugerðarinnar:
Skilgreining á „Þynningarsvæði“ fellur brott.

4. gr.

3. og 4. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar falla brott.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 10. febrúar 2025.

Jóhann Páll Jóhannsson
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Stefán Guðmundsson.